

Sp.

57. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu landhelgisgæzlu Íslendinga, og um það, að Ísland taki að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenskri landhelgi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Gísli Sveinsson, Gunnar Thoroddsen.

1. Alþingi skorar á ríkisstjórnina að greiða landhelgissjóði nú þegar skuld ríkissjóðs við hann, og að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins þegar á þessu ári til byggingar vopnaðs gæzluskips, eins eða fleiri. Einnig skorar Alþingi á ríkisstjórnina að einbeita starfi varðskipanna að landhelgisgæzlunni meira en gert hefir verið hin síðustu ár.

2. Jafnframt ályktar Alþingi, að Ísland skuli, þegar lið 1. er fullnægt, neyta að fullu þess réttar, sem því er áskilinn í 8. gr. dansk-íslenzku sambandslaganna til þess að taka að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að það er krafa íslenzku þjóðarinnar, að gæzla íslenzkrar landhelgi sé örugg og eingöngu í höndum Íslendinga sjálfra. Alþingi hefir aðhyllt þessa kröfu þjóðarinnar, og þess vegna hefir það látið byggja tvö gæzluskip og keypt það þriðja. Og þess vegna áskildi Alþingi Íslandi þann rétt, er sambandslögin voru samþykkt, að Ísland gæti tekið landhelgisgæzluna í sínar hendur að öllu leyti, hvenær sem því sýndist að ákveða það.

Út af sölu varðskipsins Óðins samþykkti síðasta Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á vopnuðum vélbátum til landhelgisgæzlu og hraða smíði þeirra svo sem frekast eru föng á.

Báta þessa skal láta annast landhelgis- og veiðarfæragæzlu á þeim svæðum, þar sem mest er þörf á staðbundinni gæzlu á hverjum tíma og hverri vertíð.

Að því leyti, sem varðskip og varðbátar ríkisins geta ekki fullnægt gæzlunni, skal stjórnin leigja nægilega marga þar til hæfa vélbáta og búa þá nauðsynlegum tækjum.“

Ríkisstjórnin hefir vanrækt að framkvæma þessi fyrirmæli Alþingis, því ekki er hafin enn smíði á neinum gæzlubát. Og það ískyggilegasta í sambandi við þá vanrækslu er einmitt það, að ríkisstjórnin virðist í algerðu heimildarleysi og þvert ofan í skýlaus fyrirmæli Alþingis hafa tekið út úr landhelgissjóði mestan hluta andvirðis Óðins og gert að eyðslueyri ríkissjóðs. Ofan á þetta bætist svo, að varðskipin eru ótilhlýðilega mikið tafir frá landhelgisgæzlunni.

Af þessum ástæðum er fyrri liður tillögunnar borinn fram.

8. grein dansk-íslenzku sambandslaganna er svo hljóðandi:

„Danmörk hefir á hendi gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur að öllu eða nokkru leyti á sinn kostnað“.

Þegar lög þessi voru samþykkt, höfðu Danir eitt skip við landhelgisgæzlu við Ísland. Þó var skip þetta aldrei hér við land, nema nokkurn hluta ársins, en var að öðru leyti heima í Danmörku. Ísland átti þá ekkert gæzluskip.

Landhelgisgæzla Dana hér við land hefir ekkert breytt þau 19 ár, sem liðin eru síðan sambandslögin voru samþykkt. En Ísland á nú tvö sæmilega búin gæzluskip og leigir einn til tvo vélbáta til landhelgisgæzlu lengri og skemmri tíma árlega. Auk þess er svo fyrir mælt, sem áður segir, að öllu andvirði Óðins skuli þegar varið til aukningar landhelgisgæzlufloata Íslendinga.

Af þessu er alveg ljóst, að Ísland er fullkomlega þess umkomið að taka landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur, ef fyrirmælum Alþingis um aukningu varðskipastólsins er framfylgt og skip landhelgissjóðs og leigubátar eru því aðeins notuð til annars en landhelgisgæzlunnar, að það ekki rýri hana. Undan er auðvitað skilið gæzlustarfið við Vestmannaeyjar og hjálp til handa skipum, sem stödd eru með áhöfn í háska.

Loks er skylt að verða við þeim ákveðna þjóðarvilja, sem fyrir því er, að Ísland taki landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur. Það samrýmist á engan hátt metnaði þjóðarinnar, að annað ríki en Ísland hafi á hendi löggæzlu í íslenzkri landhelgi undir öðrum fána en fána Íslands.